

Bréf félagsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, um takmörkun verzlunarlóðarinnar í Sandgerði í Miðneshreppi.

14. jan.

Með bréfi, dags. 30. nóvember f. á., hafið þér, herra sýslumaður, tjáð þessu ráðuneyti, að sýslunefnd Gullbringusýslu mæli með því, að verzlunarlóð Sandgerðis verði stækkuð á þann hátt, sem greinir í bréfi hreppsnefndar Miðneshrepps til ráðuneytisins, dags. 7. október s. l., er ráðuneytið sendi sýslunefnd til umsagnar með bréfi, dags. 21. nóvember s. l.

Út af þessu er hér með, samkvæmt lögum nr. 61 10. nóvember 1905, ákveðið að talmörk téðrar verzlunarlóðar skuli vera sem hér segir:

Að norðan: Landamerki milli Sandgerðis og Flankastaða.

Að austan: Bein lína, sem myndast af efri takmörkum Bjarmalands og Lækjarmótslóða milli suðurmarka Flankastaðalands og Keflavíkurvegur.

Að sunnan: Keflavíkurvegur og frá enda hans bein lína í svonefndan Búðaklett í Bæjarskerseyri.

Að vestan: Sandgerðishöfn.

Land það, sem hér um ræðir, er að mestu leyti skipulagt og er uppdráttur af því fyrir hendi hjá skipulagi bæja, kauptúna og sjávarþorpa.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af uppdrætti að umræddri verzlunarlóð verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppssjóðs kostnað glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.

Bréf fjármálaráðuneytisins til Brunabótafélags Íslands, um 2 stimpilgjald af nokkrum tegundum trygginga.

26. jan.

Ráðuneytið hefur móttakið bréf Brunabótafélags Íslands, dags. 23. f. m., þar sem óskað er upplýsinga um stimpilgjald af nokkrum tegundum trygginga.

Af skirteinum fyrir tryggingum þeim, sem bréfið fjallar um, ber að greiða stimpilgjald sem hér segir:

1. Sjóvátryggingar (sama gildir um tryggingar á varningi fluttum með flugvélum og landfarartækjum) 10 auru frumgjald af þúsundi eða broti úr þúsundi af tryggingarfjárhæð.
2. Ferðaslysátryggingar, 10 auru frumgjald af þúsundi eða broti úr þúsundi.
3. Rekstursstöðvunartryggingar, 25 auru frumgjald af þúsundi eða broti úr þúsundi.
4. Vélatryggingar, 25 auru frumgjald af þúsundi eða broti úr þúsundi.

Á framangreint frumgjald bætist 140% viðauki samkvæmt ákvæðum laga nr. 91 1955, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1956 með viðauka, sbr. augl. nr. 137/1955.